



Utanríkisráðuneytið
Viðskiptaskrifstofa
Reykjastræti 8
101 Reykjavík

Sent á utn@utn.is

Reykjavík, 25. júní 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að forgangslista við hagsmunagæslu Íslands gagnvart Evrópusambandinu fyrir árin 2024 – 2029

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar drög að forgangslista við hagsmunagæslu Íslands gagnvart Evrópusambandinu fyrir árin 2024-2029 (hér eftir „forgagnslistinn“), mál nr. S-94/2025 sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 30. maí 2025. SI fagna því að stjórnvöld hafi lagt fram drög að forgangslista með hliðsjón af þróuninni innan Evrópusambandsins (ESB) og hagsmunum Íslands. Samtökin telja afar jákvætt að gildissvið forgagnslistans hafi verið útvíkkað með tilliti til þverlægra gerða þannig að málefnið endurspegli hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB heildstætt.

1. Markviss hagsmunagæsla iðnaðarins í Evrópumálum

SI hafa um árábil með markvissum hætti beitt sér í hagsmunagæslu í Evrópumálum. SI hafa greint og kortlagt hagsmuni iðnaðar í nánú samstarfi við félagsmenn samtakanna og vakið athygli stjórnvalda og hagaðila á málefnum tengdum iðnaði sem unnið er að á vettvangi ESB og vegna EES-samningsins. Þá vinna samtökin með systursamtökum á Norðurlöndunum þar sem ESB gerðir er varða málefni greinanna eru til umræðu og samnorrænt samráð og hagsmunagæsla á sér stað. SI á fulltrúa í ráðgjafarnefnd EFTA sem er mikilvægur vettvangur samráðs, upplýsingaöflunar, hagsmunagæslu og tengslamyndunar innan EFTA og EES ásamt því að vera formleg aðkoma að málum á fyrri stigum þeirra. SI eru einnig beinir aðilar að Business Europe, stærstu hagsmunasamtökum atvinnurekenda í Evrópu sem sinna hagsmunagæslu gagnvart ESB og funda reglulega með samtökunum.

Samtökin hvetja stjórnvöld til að viðhalda virku samráði við SI í tengslum við hagsmunagæslu gagnvart ESB og samstarfs innan EES með tímalegum og skipulögðum hætti. Samtökin leggja til að komið verði á sameiginlegum samráðsvettvangi stjórnvalda og hagaðila þar sem málefni sem eru til umræðu í ESB eru greind á fyrstu stigum ásamt viðeigandi upplýsingaöflun til að tryggja að afstaða íslenskra stjórnvalda byggji á vönduðu hagsmunamati. Samtökin telja sérstaklega mikilvægt að samræma stefnu og hagsmunagæslu stjórnvalda og atvinnulífs með framsæknum hætti vegna nýjustu vendinga innan ESB er varða áherslur og aðgerðir um bættu samkeppnishæfni álfunnar. Í ljósi breyttra aðstæðna á alþjóðavettvangi vilja samtökin einnig benda á mikilvægi þess að gott samráð sé áfram haft við SI í tengslum við þróun varnar- og öryggismála og þeirra aðgerða sem grípa á til í þeim tilgangi að efla viðnámsþrótt og mæta alþjóðlegum skuldbindingum Íslands.



Samtökin vilja nýta tækifærið og ítreka á ný afstöðu sína um að stjórnvöld horfi til samkeppnishæfni Íslands og sérstöðu landsins við innleiðingu á EES-málum og í framhaldi frumvarpsgerð þvert á fagráðuneyti og að ekki sé gengið lengra í kröfum og íþyngjandi ákvæðum en þörf er á hverju sinni.

Hér í framhaldi er afstaða samtakanna til einstakra mála sem tengjast hagsmunum íslensks iðnaðar. Samtökin áréttu að fleiri mál er tengjast íslenskum iðnaði er að finna á forgangslistanum sem samtökin munu leggja mat á og taka afstöðu til þegar efnistök í formi áformaskjala eða beinna tillaga liggja fyrir.

2. Umhverfis- og orkumál

Hreinatvinnustefna (Clean Industrial Deal)

Hreinatvinnustefna (CID) skiptir sköpum fyrir hagsmuni iðnaðar þar sem markmiðið er að styðja við orkuskipti, kolefnishlutlausan iðnað og nýsköpun. Samtökin telja mikilvægt að stjórnvöld setji málið í forgang í ljósi viðskiptalegra hagsmuna og samkeppnishæfni íslensks iðnaðar. Má þar nefna aðgengi að fjármögnun grænnar iðnaðaruppbyggingar innan ESB og þátttaka í fjármögnun í gegnum sjóði á borð við Innovation Fund, InvestEU og Just Transition Mechanism. Þá veitir Net Zero Industry Act sem heyrir undir CID tækifæri til að byggja upp vetnisframleiðslu, rafeldsneytisverkefni, grænan innflutning og frekari þróun kolefnisföngunarverkefna. Ísland er þegar með samkeppnisforskot vegna hreinnar og endurnýjanlegrar orku sem nýtist sem grunnstoð í grænni iðnaðarþróun. Slíkir eiginleikar skapa bein tækifæri fyrir fjárfestingu í vetni, gagnaverum, grænni framleiðslu og líftækni iðnaði. CID kann þannig að stuðla að og skapa ný tækifæri fyrir þróun og markaðssetningu á grænni tækni.

Reglugerð um kolefnisjöfnunargjald við landamæri - CBAM (Carbon Border Adjustment Mechanism)

SI fagna því að málið sé á forgangslista en CBAM reglugerð ESB er viðleitni til að koma í veg fyrir „kolefnisleka“, þ.e. þær aðstæður sem kunna að skapast þegar fyrirtæki færa framleiðslu sína út fyrir lönd Evrópusambandsins til að komast undan strangari reglum og gjaldtöku um losun gróðurhúsalofttegunda og/eða umhverfislöggjöf. Með CBAM er kolefnisgjöldum bætt við innfluttar vörur frá löndum sem hafa ekki jafn stranga löggjöf og ESB á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Með þessu er leitast eftir að tryggja að innfluttar vörur beri sambærilegan umhverfisgjöld og vörur framleiddar innan ESB. SI hafa átt samskipti við systursamtök sín í Noregi, NHO, skrifstofu EFTA og utanríkisráðuneytið á fyrri stigum vegna málsins. Álitafni hefur verið uppi um hvort að CBAM falli undir tollamál en EES samningurinn undanskilur tollastefnu ESB. Hins vegar er mikilvægt að huga að því að CBAM varðar aðgang fyrir tiltekna vörur inn á hinn innri markað EES svæðisins og með því að undanskilja sig gildissviði CBAM er hætt við að EFTA-EES ríkin falli þar undir þriðju ríki og verði um leið andlag íþyngjandi reglna sem fylgja CBAM. SI leggja áherslu á að hagsmunir íslenskra iðnfyrirtækja séu meiri en minni að vera þátttakendur í kerfinu í stað þess að standa utan þess. Samtökin áréttu að CBAM hefur hlotið mikla gagnrýni meðal iðnfyrirtækja en kerfið er einnig nátengt ETS-kerfinu og því mikilvægt að tryggja samfellu þar á milli án mismununar. Um þessar mundir er unnið að einföldun CBAM en gerðin hefur þegar setið undir gagnrýni um að kveða á um íþyngjandi kröfur og þá sérstaklega með tilliti til hagsmuna álframleiðenda. Huga þarf vel að óvissuþáttum svo sem útfösunartímabili ETS, samspili ETS og CBAM og hvernig CBAM mun tryggja að



kerfið sé ekki misnotað af brotamálms skráningu sem getur leitt til þess að álframleiðendur í samkeppni geti komist hjá gjöldum CBAM. Í því samhengi vísa samtökin í athugasemdir vegna útfærslu og afstöðu European Aluminium og Business Europe er varða annmarka og úrbætur á CBAM.¹

Tilskipun um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir í iðnaði, sjóflutningum o.fl. (ETS)

Samtökin fagna því að málið sé á forgangslista vegna sérstakra hagsmuna. Til stendur að endurskoða tilskipunina með tilliti til samspils við CBAM. Samtökin áréttu sérstöðu Íslands með tilliti til endurnýjanlegra orkugjafa og vísa í framangreinda umfjöllun um CBAM hvað það varðar. Margir af stærstu vinnuveitendum á landsbyggðinni eru fyrirtæki sem framleiða vörur til útflutnings og keppa því á alþjóðlegum mörkuðum, og eru mörg aðildarfyrirtæki SI þar á meðal. Með viðskiptakerfinu, þ.m.t. ETS2, mun rekstrarkostnaður þessara aðila aukast þar sem síðasti hluti virðiskeðju framleiðslunnar, þ.e. flutningur vörunnar á markaði í Evrópu og víðar, mun verða mun dýrari en hann hefur verið hingað til. Getur það dregið úr samkeppnishæfni fyrirtækja sem selja vöru sína á alþjóðlegum mörkuðum. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra lagði fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (ETS- og ETS2-kerfið) á núverandi löggjafarþingi þar sem SI, ásamt öðrum hagsmunasamtökum, skilaði umsögn þar sem bent var á ýmis atriði sem mikilvægt er að stjórnvöld líta til vegna sérstöðu Íslands.²

Reglugerð um mikilvæg hráefni (e. Critical Raw Materials Act – CRMA)

Markmið CRMA er að tryggja nægt framboð og aðgang að nauðsynlegum og mikilvægum hrávörum í Evrópu sem skiptir sköpum fyrir aðgerðir í loftslagsmálum, þ. á m. orkuskipti, þjóðar- og matvælaöryggi og iðnaðarframleiðslu. Á þetta jafnt við um Ísland og því mikilvægt er að stjórnvöld horfi á málið út frá þjóðaröryggishagsmunum Íslands en landið er í dag mjög háð innflutningi á hrávörum og hráefnum, meðal annars olíu og áburði. SI hafa verið í samskiptum við íslensk stjórnvöld, meðal annars á fyrri stigum, þegar málið var til meðferðar hjá ESB, þ.e. varðandi að tryggja að ál og kísill yrðu sett í viðauka I og II með ESB tillögunni. Samtökin leggja áherslu á að málið verði í forgangi og áframhaldandi hagsmunagæslu af hálfu stjórnvalda hvað varðar kísil og ál.

Reglugerð um kolefnishlutlausan iðnað (e. Net Zero Industry Act - NZIA)

Er um að ræða afar jákvætt framlag ESB til að einfalda regluverk og beita jákvæðum hvötum til að örva iðnað innan sambandsins og styðja við uppbyggingu á sviði grænnar orku í þágu orkuskipta og loftslagsmarkmiða. Meðal annars er kveðið á um svokallað „one-stop-shop“ fyrirkomulag í leyfisveitingum. Samtökin fagna þessu mjög hvetja íslensk stjórnvöld til að hafa áhrif á að NZIA nái fram að ganga en einnig að ganga fram með góðu fordæmi og halda áfram

¹ CBAM: An Ineffective Carbon Leakage Protection Measure for Aluminium in Need of Urgent Reform, apríl 2025: <https://european-aluminium.eu/wp-content/uploads/2025/04/2025-04-23-European-Aluminium-Position-Paper-on-CBAM.pdf>

Making CBAM Effective Against Carbon Leakage – Fix the Design and Adopt a Step by Step Approach, 24. júní 2025: <https://www.busineurope.eu/wp-content/uploads/2025/06/2025-06-24-Making-CBAM-effective-against-carbon-leakage.pdf>

² https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Umsogn-SI-SA-SVTh-SAF-og-VI-um-vidskiptakerfi-ESB-med-losunarheimildir-og-hollustuhaetti-og-mengunarvarnir-145.-mal-07-04-2025.pdf



heildarendurskoðun og einföldun á regluverki og leyfisveitingaferli fyrir grænan iðnað hér á landi. Draga má ríkan lærdóm af Noregi, Kanada og Bandaríkjunum í þessum efnum. Þá skiptir það miklu máli að íslensk stjórnvöld leiði þá fjármuni sem þegar fást í gegnum ETS kerfið inn í rannsóknir og þróun í loftslagsvænum verkefnum og tækni sem dregur úr losun iðnaðar. Einnig þarf að skapa jákvæða hvata fyrir uppskölun og innleiðingu á slíkum tæknilausnum þegar þær líta dagsins ljós. Samtökin leggja áherslu á að hugað verði að skilgreiningu á CO₂ frá jarðvarmavirkjun við upptöku í EES-samninginn. Hér skiptir máli hvort slík losun teljist sem náttúrleg losun eða mengun af manna völdum. Hið síðara hefur verið túlkunin í ESB sem hefur áhrif á skilgreiningu afurða úr þeim CO₂, s.s. framleiðsla á grænu rafeldsneyti. Þá þurfa íslensk stjórnvöld að tryggja að Ísland hafi aðgang að stuðningskerfum en verði ekki skilgreint sem þriðja ríki.

Tilskipun ESB um hreinsun skólps frá þéttbýli/fráveitutilskipun (e. Urban Waste Water Treatment Directive)

Vísað er til umfjöllunar um væntanlegar og nýlegar Evrópugerðir á sviði vatnsmála, einkum endurskoðun á fráveitutilskipun ESB, stefnu um viðnámsþrótt vatns og löggjöf um varnir gegn mengun vatns. SI taka undir mikilvægi þess að færa umrætt mál á forgangslista enda er tilefni til að hafa verulegar áhyggjur af hugsanlegum áhrifum þessara gerða, sérstaklega í ljósi þeirrar viðamiklu fjárfestingarþarfar sem þegar er til staðar í íslenskum fráveitukerfum, eins og ítarlega er lýst í Innviðaskýrslu Samtaka iðnaðarins og Félags ráðgjafaverkfræðinga. Umrædd skýrsla sýnir að uppsöfnuð viðhaldsskuld íslenskra fráveitna nemur 65–98 milljörðum króna en endurstofnvirði kerfa er upp á 280–300 milljarða. Aðeins lítill hluti þéttbýlisstaða (10 af 97) uppfyllir núgildandi íslenskar reglur og stór hluti lagnakerfa er yfir 50 ára. Ástandseinkunn fráveitna er einungis 2 (af 5), sem bendir til ófullnægjandi ásigkomulag og hættu á starfsemi. Sérstaklega er ástand ofanvatnskerfa og skortur á regluverki þar um áhyggjuefni, auk tafa á endurskoðun íslenskrar reglugerðar um fráveitur. Fyrirhugaðar hertari kröfur í nýrri fráveitutilskipun ESB, t.d. um hreinsun næringarefna, munu óhjákvæmilega auka þessa þegar gríðarlegu fjárfestingarþörf verulega. SI leggja því ríka áherslu á að íslensk stjórnvöld tryggi nauðsynlegar og skynsamar undanþágur við innleiðingu tilskipunarinnar. Án þeirra er hættu á óraunhæfum og óbærilegum kostnaði fyrir sveitarfélög, atvinnulíf og almenning, án þess að tryggt sé að umtalsverður umhverfislegur ávinningur náist sem réttlætir slíkar fjárfestingar miðað við séríslenskar aðstæður (s.s. dreifbýli, jarðfræði, viðtakar).

Koma þarf á fót raunhæfri langtímaáætlun um uppbyggingu og viðhald sem byggir á skýrri forgangsroðun, áhættumati og kostnaðar- og ábatagreiningu. Íslenskum sérkennum verður að halda á lofti og tryggja að kröfur séu tæknilega og efnahagslega raunhæfar.

Reglugerð um endurnýjanlegt eldsneyti af ólífrænum uppruna- rafeldsneyti (RFNBO), Fjárfestingaáætlun um sjálfbærar samgöngur (STIP), Reglugerð um vistvænt flugvélaeldsneyti (RefuelEU Aviation) og tilskipun um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir í flugi

SI telja mikilvægt að málin séu á forgangslista enda miklir hagsmunir tengdir markmiðum stjórnvalda um orkuskipti og bætt orkuöryggi landsins. SI hefur lengi talað fyrir því að stjórnvöld standi vörð um sérstöðu Íslands hvað varðar hátt hlutfall endurnýjanlegrar orku og óhagstæðrar landfræðilegrar legu, og fagnar því að gerðirnar innihaldi undanþágur eða sérstaka hvata sem taka til þessara þátta.



Að mati samtakanna er mikilvægt að RFNBO tilskipunin verði innleidd hérlandis án tafa til að stuðla að fjárfestingum í orkuskiptum og tryggja samræmi og aðgengi framleiðenda að vaxandi markaði endurnýjanlegs eldsneytis. SI styður möguleg áform um að tryggja að rafeldsneyti, líkt og metanól og sjálfbært þotuelsneyti, sem er framleitt með CO₂ frá jarðvarmavirkjunum verði talið kolefnislaust samkvæmt skilgreiningum ESB, og telur best að vinna að þeim breytingum meðfram innleiðingu á RFNBO reglugerðinni. Þá er grundvallaratriði að gætt verði að því að íslensk fyrirtæki á sviði framleiðslu vetnis og/eða rafeldsneytis hafi aðgang í gegnum EES aðild íslenska ríkisins að styrkja- og sjóðaumhverfi ESB.

Reglugerð um varnir gegn eyðingu skóga

Reglugerðin kveður á um að fyrirtæki sem flytja inn vörur sem framleiddar eru úr tilteknum hráefnum uppfylli skilyrði um gagnsæi uppruna og virðiskeðju, þ.e. að hráefni komi ekki frá tilteknum svæðum þar sem gengið hefur verið á skóga. Verði reglugerðin innleidd hérlandis myndi hún hafa veruleg áhrif á fyrirtæki í iðnaði svo sem matvælaframleiðendur sem flytja inn m.a. kakó og pálmaolíu. Þá gæti reglugerðin í sumum tilfellum lokað á aðfangakeðjur til Íslands og dregið úr vöruframboði. Kröfur reglugerðarinnar gætu verið kostnaðarsamar fyrir íslensk fyrirtæki sem flytja inn ofangreind hráefni og endurselja á innri markaðinum. Samtökin vilja því árétta mikilvægi þess að stjórnvöld eigi virkt samráð við hagaðila varðandi rýni á upptöku reglugerðarinnar ásamt skilgreiningu á íslenskum hagsmunum.

3. Menntun og mannauður

Stefnumótun um aukna færni vinnuafls - færniáttak (e. Union of Skills)

Heilt yfir styðja SI þær áherslur sem lagðar eru fram í færniáttakinu en samtökin hafa um árabil vakið athygli stjórnvalda á skorti á mannauði með viðeigandi hæfni og færni til að mæta þörfum atvinnulífsins.³ Ísland hefur staðið frammi fyrir sambærilegum vanda og ESB með tilliti til skorts á vinnuafli með viðeigandi færni sem hefur áhrif á samkeppnishæfni álfunnar. Hérlandis hefur mikill vöxtur verið í iðnaði á undanförunum árum en skortur á sérhæfðum mannauði hefur verið dragbítur og komið niður á tækifærum til aukinnar verðmætasköpunar. SI taka undir afstöðu Business Europe um mikilvægi þess að aðgerðir færniáttaksins taki mið af valdsviði ríkja með tilliti til hlutverks aðila á vinnumarkaði vegna þróunar í menntun, starfsnámi og þjálfun.⁴

Samtökin styðja mjög viðleitni færniáttaksins um að efla færni á sviði raunvísinda, tækni, verkfræði og stærðfræði (STEM). Til að fjölga nemendum í greinunum þarf samhæfðar aðgerðir til lengri tíma með aðkomu atvinnulífsins og hvetja samtökin stjórnvöld til þess að fylgjast náið með þeim aðgerðum sem lagðar verða fram vegna þessa.

Að mati samtakanna er það jákvætt skref að efla aðgengi að mannauði þvert á ríki með aðgerðum sem fela í sér samræmt mat á færni sem er byggt á einföldu, gagnsæju og skilvirku

³ Greining Samtaka iðnaðarins á mannauðsþörf, október 2024: https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Mannauður_Stadreyndir.pdf

Greining Samtaka iðnaðarins á fjölgun starfsfólks í tækni- og hugverkaiðnaði næstu fimm árin, febrúar 2024: https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Greining-SI_Vaenta-77-fjolgunar-starfsfolks-i-taekni-og-hugverkaidnadi-a-naestu-fimm-arum-02-02-2024.pdf

⁴ Business Europe, Joint Employers Input, mars 2025: https://www.buinesseurope.eu/wp-content/uploads/2025/03/2025-02-21-UoS-Joint-Employers-Input_final.pdf



ferli. Samtökin leggja áherslu á að slíkar aðgerðir byggist á samráði og virði fullveldi ríkja er varðar uppsetningu og skilyrði menntunar- og starfsnáms. Hérlandis eru iðngreinar löggildar þar sem regluverkið kveður á um að iðngreinar skulu ávallt reknar undir forstöðu meistara sem ber ábyrgð á að öll vinna sé rétt og vel af hendi leyst með tilliti til öryggis- og neytendasjónarmiða. Að mati samtakanna er mikilvægt að stjórnvöld beiti sér fyrir því að samevrópsk starfsnámsskilríki sem og örnámsskírteini (e. microcredentials) komi ekki í stað innlendra prófskírteina. Slík evrópsk viðurkenning ætti eingöngu að koma til greina sem viðbót við íslensk prófskírteini, til dæmis til að auka alþjóðlegan sýnileika.

Tillaga um nýjan samkeppnishæfnissjóð

Samtökin fagna því að tillaga um nýjan samkeppnishæfnissjóð sé á forgangslistanum en íslensk fyrirtæki eiga mikla hagsmuni af því að eiga þátttökurétt í slíkum sjóði og í þeim áætlunum núgildandi tímabils sem gætu runnið inn í nýjan sjóð. Þar er til mikils að vinna fyrir íslensk fyrirtæki á sviði rannsókna og nýsköpunar og ber þar helst að nefna Horizon Europe, LIFE og Digital Europe.

4. Samkeppnishæfni iðnaðar

Löggjafartillaga um skýjalausnir og þróun gervigreindar, gervigreindaráætlun og löggjafartillaga um stafræna innviði

SI leggja til að löggjafartillaga um skýjalausnir og þróun gervigreindar verði sett á forgangslistann ásamt löggjafartillögu um stafræna innviði. Þó að tillagan sé ekki komin fram er gert ráð fyrir að efni hennar muni miða að því að efla stöðu ESB á sviði skýjalausna og gervigreindar og að skapa skýran lagaramma fyrir afkastamikla reiknigetu og stafræna innviði. Samtökin hafa áhyggjur af stöðu Íslands með tilliti til strategískrar nálgunar vegna uppbyggingar gervigreindarinnviða og stafrænna innviða almennt en sú uppbygging er nátengd þjóðaröryggi landsins. Gervigreindarbyltingin sem nú stendur yfir er sennilega stærsta iðnbylting allra tíma. Nálgast þarf þessi mál á mun breiðari grunni þar sem gagnatengingar og uppbygging gagnaversiðnaðar sem sinnir vinnslu gervigreindar ættu að verða miðpunkturinn. Norðurlöndin hafa flest markað sér skýra stefnu á þessu sviði og fylgt henni markvisst eftir með því að sækja beina erlenda fjárfestingu til landanna í stafrænum innviðum, þar með talið gagnatengingum. Mikilvægt er að ríkisstjórnin marki skýra stefnu í þessum efnum ef Ísland á ekki að dragast hratt aftur úr helstu vinapjóðum hvað þessi mál varðar. Með gervigreindaráætlun ESB er stefnt að því að sambandið verði í fararbroddi þegar kemur að þróun og hagnýtingu gervigreindar. SI fagna þeim markmiðum en vilja vekja athygli íslenskra stjórnvalda á því að Evrópa hefur nú þegar dregist hratt aftur úr öðrum stórum efnahagssvæðum hvað þetta varðar, þá sérstaklega Bandaríkjunum. Mikilvægt er að efla samstarf Íslands og Bandaríkjanna, þar sem flest tæknifyrirtæki á sviði gervigreinar hafa orðið

Löggjafartillaga um endurskoðun á tilskipun um opinber innkaup

Vegna breyttrar stöðu í alþjóðamálum hefur umræða skapast um mikilvægi þess að styrkja aðfangakeðjur og stöðu evrópskra fyrirtækja í álfunni. Þá hefur verið lögð áhersla á þörf fyrir einföldun regluverks ásamt því að styrkja stöðu evrópskra vara með tilliti til opinberra innkaupa. Verði það svo að uppfærð tilskipun um opinber innkaup kveði á um skilyrði um evrópskar vörur (e. buy European) í opinberum innkaupum leggja SI ríka áherslu á að stjórnvöld beiti sér fyrir því að tryggja að Ísland sem EES-EFTA ríki heyri undir innri markaðinn í þeim skilningi. Önnur



túlkun myndi skapa mikla réttaróvissu og væri í andstöðu við meginreglur EES-samningsins sem tryggja samræmdar reglur vegna útboða, samkeppnismála og ríkisaðstoðar.

Alla jafna telja samtökin að regluverk um opinber innkaup skuli byggja á skýrum og einföldum ramma fremur en sértækum skilyrðum sem þrengja að opinberum innkaupaaðilum. Varhugavert er að þrengja skilyrði um of þar sem slíkt getur dregið úr samkeppni, hagkvæmni, nýskapandi lausnum og aukið kostnað. Þá leggja samtökin áherslu á að sjálfbærni kröfur vísi í staðla og/eða sérlæg fremur en að kveðið verði sérstaklega á um slíkar kröfur í tilskipuninni sjálfri.

Löggjafartillaga um rýni beinna erlendra fjárfestinga

Samtökin leggja áherslu á að stjórnvöld tryggi samræmt regluverk vegna beinna erlendra fjárfestinga og taka undir þau sjónarmið sem lögð eru fram í forgangslistanum. EES/EFTA-ríkin hafa ekki lokið mati á því hvort og þá að hvaða marki væntanleg reglugerð fellur undir EES-samninginn en SI telja mikilvægt að tryggja að fjárfestar á EES-svæðinu búi við sömu reglur og verði ekki mismunað.

Undanfarið hefur átt sér stað vinna við gerð frumvarps um rýni á fjárfestingum erlendra aðila vegna þjóðaröryggis og allsherjarreglu og var frumvarp þess efnis lagt fram á Alþingi á 154. löggjafarþingi en hlaut ekki afgreiðslu. Samtökin lögðust gegn því frumvarpi þar sem efnistöð þess þrengdu verulega heimildir erlendra aðila vegna beinna fjárfestinga hérlandis. Nú hefur atvinnuvegaráðherra boðað endurskoðun og að frumvarp verði lagt fram að nýju á haustþingi 2025 en áform þess voru birt í samráðsgátt í maí sl. og skiluðu samtökin umsögn ásamt fleiri hagsmunasamtökum vegna málsins.⁵

Endurskoðun lyfjalöggjafar ESB (e. EU's pharmaceutical legislation)

Samtökin fagna því að málið sé á forgangslistanum. Endurskoðun á evrópskri lyfjalöggjöf sem stuðlar að bættu aðgengi, lægri lyfjakostnaði og aukinni nýsköpun í lyfjaþróun, er mikilvægt tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki sem starfa á þeim markaði. SI styðja sérstaklega einföldun ferla í að fá markaðsleyfi og svokölluð „regulatory sandboxes“ sem er ætlað að bjóða prufuumhverfi fyrir nýjungar sem veitir þróunarfyrirtækjum tækifæri til að prófa lausnir án íþyngjandi skilyrða.

5. Húsnæðismál

Húsnæðisstefna (European Affordable Housing Plan)

Vísað er til tillögu um að setja væntanlega stefnumótun Evrópusambandsins um húsnæði á viðráðanlegu verði („European Affordable Housing Plan“) á sérstakan vöktunarlista fyrir stefnumótunaráætlanir. SI taka undir að full ástæða sé til að fylgjast sérstaklega með þessari vinnu innan ESB og styðja því að málið verði sett á vöktunarlista.

Húsnæðismál eru grundvallaratriði fyrir samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og velferð almennings. Þótt húsnæðismál hafi hingað til að mestu verið á forræði aðildarríkjanna sjálfra innan ESB og EES-svæðisins, er ljóst að sameiginleg stefnumótun á þessu sviði á vettvangi

⁵ https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Umsogn-SI-og-SA-um-ryni-erlendra-fjarfestinga-s_86_2025-04-06-2025.pdf



ESB getur haft viðtæk áhrif hér á landi. Samtökin leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi atriði sem kalla á eftirfylgni í vöktun:

Reglur um ríkisaðstoð: Möguleg endurskoðun á reglum um ríkisstuðning við uppbyggingu íbúðarhúsnæðis getur verið varhugavert en jafnframt tækifæri. Mikilvægt er að slíkar reglur hér á landi og hugsanlegar breytingar á þeim taki mið af því regluverki sem þróast innan ESB. Tryggja þarf að íslensk stjórnvöld hafi svigrúm til að styðja við uppbyggingu húsnæðis með skilvirkum hætti en jafnframt að samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja í byggingariðnaði raskist ekki vegna ósamræmis í regluverki.

Fjárfestingarvettvangur og stuðningur við uppbyggingu: Fyrirhugaður evrópskur fjárfestingarvettvangur og aðgerðir til að stuðla að auknu framboði vandaðs húsnæðis á viðráðanlegu verði gætu falið í sér tækifæri fyrir íslenska aðila. Mikilvægt er að kanna hvort og þá hvernig Ísland geti tekið þátt í slíku samstarfi og nýtt sér þá möguleika sem kunna að skapast til að efla húsnæðismarkaðinn hérlandis.

Samræming við íslenska stefnumótun: Eins og réttilega er bent á í kynningu málsins, þá er yfirstandandi stefnumótun íslenskra stjórnvalda í húsnæðismálum umfangsmikil. Nauðsynlegt er að tryggja að sú stefna taki mið af og sé eftir atvikum samhæfð við þá þróun sem á sér stað innan ESB, til að koma í veg fyrir misræmi eða að íslensk fyrirtæki standi frammi fyrir ófyrirséðum hindrunum eða breyttu rekstrarumhverfi.

SI telja að með því að setja þetta mál á vöktunarlista sé tryggt að stjórnvöld og hagsmunaaðilar geti brugðist tímanlega við þeim breytingum sem kunna að fylgja nýrri húsnæðisstefnu ESB. Slík vöktun er forsenda þess að hægt sé að gæta íslenskra hagsmuna og tryggja að íslenskur iðnaður geti áfram stuðlað að uppbyggingu á skilvirkum og heilbrigðum húsnæðismarkaði. Samtökin eru reiðubúin til frekara samráðs um þetta mál þegar nánari upplýsingar liggja fyrir um innihald og útfærslu.

Tilskipun um orkunýtni bygginga

SI styðja að málið verði sett á forgangslista. Í ljósi fyrri undanþága Íslands og sérstöðu landsins, einkum vegna mikillar nýtingar endurnýjanlegrar orku til húshitunar, er brýnt að nálgast innleiðingu nýrrar tilskipunar með varfærni.

SI telja því að setning málsins á forgangslista sé réttmæt og nauðsynleg til að tryggja að íslenskra hagsmuna verði að fullu gætt. Markvissar viðræður um eðlilegar aðlaganir eru lykilatriði í þessu ferli. Forðast þarf að innleiða kostnaðarsamar kröfur sem skila litlum raunverulegum ávinningi í íslensku samhengi og íþyngja fasteignaeigendum og nauðsynlegri uppbyggingu að öþörfu.

6. Landbúnaður og matvælaframleiðsla

Þar sem landbúnaðarstefna ESB og skipulag landbúnaðarframleiðslu fellur utan EES-samningsins og kemur ekki til framkvæmda hér er endurskoðun hennar eðli málsins samkvæmt með takmarkað vægi fyrir skipan mála hér á landi. Samt sem áður getur regluverk ESB sem snýr að matvælaframleiðslu, landbúnaði og umhverfismálum haft áhrif á mótun regluverks sem kemur til innleiðingar í EES-samninginn. Kunna því töluverðir hagsmunir fyrir íslenska matvælaframleiðslu að felast í stefnumótun sambandsins á þeim málefnasviðum. Biðla samtökin til stjórnvalda að gefa því sérstakan gaum, þrátt fyrir að hagsmunir Íslands séu



metnir almennir vegna þeirrar stefnumótunar sem yfirvofandi er, þ.e. Vision for Agriculture and Food og CAP simplification package.

Þá vilja samtökin einnig nýta tækifærið og biðla til stjórnvalda að vera vel vakandi fyrir möguleikum á aðlögun í ljósi dreifbýlis, smæðar markaðar og legu landsins þegar kemur að matvælaframleiðslu. Innlend matvælaframleiðsla er þungur og kostnaðarsamur rekstur og getur reynst þungur róður að halda í við tíðar reglubreytingar og hertar rekstrarkröfur. Til að standa vörð um innlenda framleiðslu er nauðsynlegt að stuðla eftir fremsta megni að fyrirsjáanleika og samkeppnishæfum rekstrarskilyrðum.

7. Öryggis- og varnarmál

Vísað er til umfjöllunar um hraða þróun varnarsamstarfs á vettvangi ESB og áhrif gjörbreyttrar stöðu í varnar- og öryggismálum í Evrópu. SI taka undir að brýnt sé fyrir íslensk stjórnvöld að fylgjast afar vandlega með stefnumótun ESB í varnar- og öryggismálum. Sú gjörbreytta öryggisstaða sem skapast hefur í álfunni undirstrikar mikilvægi þess að ríki Evrópu, þar með talið Ísland í samstarfi við bandalagsþjóðir sínar, bregðist við með markvissum hætti.

SI leggja áherslu á að stöðugleiki og öryggi í Evrópu eru ófrávíkjanlegar forsendur fyrir blómlegu atvinnulífi, fjárfestingum og milliríkjaviðskiptum. Aukin spennan í heiminum og sú staðreynd að leiðtogar NATO og ESB ræða nú stóraukin framlög til varnarmála og mótun iðnaðarstefnu á þessu sviði er skýrt merki um breyttar aðstæður.

SI fagna því að íslensk stjórnvöld hafi átt að sig á mikilvægi þess að vinna náið með iðnaðinum við að mæta þeim áskorunum sem felast í breyttu umhverfi. Í því samhengi leggja SI ríka áherslu á að íslenskur iðnaður er vel í stakk búinn til að gegna lykilhlutverki í þeirri uppbyggingu sem framundan er. Þetta á ekki síst við um uppbyggingu mikilvægra innviða, sem er grundvallarþáttur í að efla varnir og öryggi.

Samtökin taka undir áherslur stjórnvalda um nauðsyn þess að byggja upp og efla innviði á Íslandi í ljósi breytts öryggisumhverfis m.a. á hafnarmannvirkjum, samgöngumannvirkjum, stafrænum innviðum og fjarskiptum, þar með talið gagnatengingum. Íslenskur iðnaður hefur sýnt og sannað að hann býr yfir þeirri getu, sveigjanleika og þekkingu sem þarf til að takast á við stór og krefjandi verkefni í innviðauppbyggingu. Iðnaðurinn er vanur að auka umsvif sín og draga saman seglin hratt eftir þörfum og er því reiðubúinn að svara kalli um aukna uppbyggingu.

Auk beinnar innviðauppbyggingar getur íslenskt hugvit og framleiðsla nýst til að auka öryggi. Íslensk fyrirtæki þróa og framleiða tækni og vörur með tvíþætt notagildi (e. *dual-use*), sem hafa bæði borgaralega og varnar- og öryggislega notkunarmöguleika.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins


Lilja Björk Guðmundsdóttir
yfirlögfræðingur